

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag hf. FES Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	11.4.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ísfélag hf. FES	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Björgvin Björgvinsson	Staðsetning	436690,981 326978,971

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Engar mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar árið 2022. 2) Niðurstöður á frárennismælingum bárust ekki fyrir 1. maí 2023. 3) Skil á niðurstöðum TVN-mælinga árið 2022 voru ekki fullnægjandi. 4) Niðurstöður frárennismælinga bárust ekki fyrir 1. maí 2024. Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Uppfæra þarf áætlun vegna bráðamengunar sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi. 2) Fara þarf yfir skráningar á olíu- og lýsisgeymum á lóð rekstraraðila. Eitt frávik, sem varðar niðurstöður frárennismælinga, var opið þegar eftirlitið fór fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins hf. í Vestmannaeyjum.

Starfsleyfi Ísfélagsins heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.200 tonnum af hráefni á sólarhring.

Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skóðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram. Það kom fram í eftirliti árið 2018 og varðar að of mikil fita mældist í frárennsli verksmiðjunnar. Ekki er enn tilefni til að loka frávikinu.

Brugðist hefur verið á fullnægjandi hátt við þeim ábendingum sem hafa verið gerðar í undanförunum eftirlitum.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað þann 30. apríl 2022.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 30. apríl 2023.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024.

Útstremisbókhaldi fyrir árið 2021 var skilað þann 29. apríl 2022.

Útstremisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 31. mars 2023.

Útstremisbókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 29. apríl 2024.

Engar mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar árið 2022 sem er frávik frá starfsleyfi.

Frárennismælingar voru gerðar þann 24. janúar 2023 en fullnægjandi skýrsla hefur enn ekki borist og er það frávik frá starfsleyfi að engar niðurstöður bárust fyrir 1. maí 2023. Mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar í byrjun nóvember 2023. Niðurstöður mælinganna bárust hins vegar ekki fyrir 1. maí 2024 og er það skrá sem frávik.

Skil á TVN mælingum árið 2022 voru ekki fullnægjandi og er það frávik frá starfsleyfi. Samkvæmt þeim gögnum sem hafa borist Umhverfisstofnun fyrir árin 2022 og 2023, mældist TVN aldrei yfir 100. Ítrekað er

að skila á niðurstöðum TVN-mælinga til eftirlitsaðila eftir hverja vertíð.

Fara þarf yfir og leiðrétta eftir þörfum, skráningar á olíu- og lýsisgeymum á lóð rekstraraðila.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Farið var yfir áhættumatið. Nokkrar breytingar urðu á því frá síðasta eftirliti.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti  
Farið var yfir þau fylgiskjöl sem fylgdu fundarboðinu, en þau voru ný gjaldskrá og breytingar á innheimtu eftirlitsgjalda, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits og kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg. Tryggingaskirteini vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir. Verksmiðjan er ekki með ISO vottun en vottun MarinTrust er í gildi. Áætlanir sem rekstraraðila er skylt að hafa, eru tiltækar en bent er á að uppfæra þarf áætlun vegna bráðamengunar.

5. Önnur mál  
Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð  
Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Mælingar á fitu, svifefnum og COD í frárennslisvatni voru ekki gerðar árið 2022.
Gr. 2.17 í starfsleyfi	Fullnægjandi niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2023 og þ.a.l. er ekki hægt að staðfesta að frárennslisvatnið standist þær kröfur sem gerðar eru.
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Niðurstöðum TVN-mælinga sem gerðar voru seinni hluta ársins 2022, var ekki skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi.
Gr. 2.17 í starfsleyfi	Niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.




## ÁBENDINGAR

- 1) Uppfæra þarf áætlun vegna bráðamengunar sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi.
- 2) Fara þarf yfir skráningar á olíu- og lýsisgeymum á lóð rekatraraðila.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.07.2024

  
Freyr Evarsson

